



# Skólaping sveitarfélaga

**Geta sveitarfélög og skólar  
aukið gæði og þjónustu  
í núverandi árferði?**



# Þrjár spurningar

- Í hverju felast gæði í leikskólastarfi?
- Hvað í leikskólastarfi er mikilvægast að standa vörð um í kreppunni?
- Felast tækifæri í kreppunni til að gera betur, almennt og í leikskólastarfi?



# Gæði

- Stöðugleiki í starfsmannahaldi, góðir fagmenn, áhugasamt starfsfólk  
= MANNAUÐURINN
- Markvisst og faglegt starf, nám við hæfi allra barna
- Góð stjórnun, festa, skýr sýn
- Að börnunum líði vel; tengsl við hvert barn, umönnun, umhyggja
- Gleðin í starfinu, hlýja, öryggi, samkennd, virðing
- Frelsi, sjálfstæði í áherslum, sköpun, frjálsi leikurinn
- Samvinna við foreldra, uppfylla þarfir barna og foreldra
- Rannsóknir, þróunarstarf, endurmenntun
- Lausnamiðuð hugsun – sjá tækifærin, jákvæð umræða og opin samskipti
- Vel skipulagt umhverfi
- Skilningur og virðing yfirvalda



# Standa vörð um

- Leikskólann sem heild – burðarás í velferðarkerfinu
- Mannauðinn – styðja við starfsfólkið
- Starfsgleðina – hún smitar frá sér
- Fagstarfið, fagvitundina, metnaðinn
- Hugmyndafræðina, frelsið, sköpun, leikinn
- Góð gildi; samkennd, umburðarlyndi, jákvæðni, sýna umhyggju , vera vakandi fyrir líðan annarra
- Réttindi og velferð / vellíðan barna, þeim verði ekki fjölgað
- Leikskólann sem griðastað / “kreppufrír” – halda rútinu og reglu
- Sérkennslu / stoðþjónustu – höggva ei því sem hlífa skyldi
- Kjarasamninga og það sem hefur áunnist
- **Ekki herða meira að.....það er komið nóg**



# Tækifærin

- Stytta vinnutíma almennt – setja fjölskyldustefnu
- Vakning í þjóðfélaginu – skapa barnvænna samfélag
- Aukin samvera foreldra og barna
- Stytta dvalartíma barna, skilgreina grunnþjónustu, einfalda starfið
- Fleiri skipulagsdagar – minni kvöldvinna
- Meiri stöðugleiki í starfsmannahaldi, fleiri starfa 100%, minna um frí
- Nýta mannauðinn betur, læra hvert af öðru, nýta hugmyndir foreldra
- Breytt gildismat, m.a. gagnvart starfinu, virðing, hvað skiptir máli
- Hvatning til að fara í leikskólakennaranám – rétti tíminn til að “markaðssetja” starfið
- Agaðra samfélag, minni vinna og hraði, betri tími, aukinn siðferðisþroski
- Sköpunargleði hvers og eins flæðir fram – aukin nýtni, nægjusemi



## Er hægt að auka gæði/þjónustu?

Sá raunsæi spyr:

- Er hægt að viðhalda gæðunum?
- Er hægt að bjóða sömu þjónustu?

Sá skynsami spyr:

- Hvernig er staðið að ákvarðanatöku?
- Hvernig leikskóla viljum við hafa nú og í framtíðinni?

Sá sem er í afneitun segir:

- Það var aldrei bullandi góðæri í leikskólunum!!!
- Getum við ekki fengið að vera í friði, loksins þegar tekst að ráða starfsfólk ?



# Áhersluatriði FL

- Að náið samráð sé haft við viðkomandi skólastjórnendur og aðra sem í hlut eiga
- Að allar aðgerðir sem farið er í verði skýrt skilgreindar sem tímabundnar aðgerðir
- Að breytingar/niðurskurður þýðir óhjákvæmilega skerðingu á þjónustu leikskólanna



# Hvað gerir FL/KÍ?

- Stendur vörð um kjarasamninga og réttindi
- Ver leikskólastarf og réttindi barna
- Styður við félagsmennina
  - samtöl og tölvupóstsamskipti, leiðbeining, ráðgjöf, hlusta, uppörva, draga úr bölmóð, horfa til lengri tíma
  - aðgengi að sálfræðingi (tímabundin símaráðgjöf)
  - fræðsla á trúnaðarmannanámskeiðum, m.a. um mikilvægi liðsheildar
  - regluleg upplýsingagjöf til félagsmanna



# Rauður þráður FL

## Aðalfundur FL mars 2008:

- Beindi því til félagsmanna að varðveita og viðhalda þeirri starfsgleði sem einkennt hefur leikskólann alla tíð og skiptir miklu máli varðandi jákvæða ímynd starfseminnar og líðan starfsmanna á vinnustað
- Starfsaðstæður og vinnuumhverfi skipta miklu máli og brýnt er að vel sé búið að leikskólastarfsemi að öllu leiti og er ábyrgð rekstraraðila mikil að því leiti. Gott starfsumhverfi byggist þó ekki eingöngu af ytri aðstæðum, búnaði og kjörum heldur jafnframt af góðum starfsanda og sterkri liðsheild. Til að skapa gott andrúmsloft þarf hver og einn að leggja sitt af mörkum og leitast við að tileinka sér jákvæð og uppbyggjandi samskipti og stuðla að umbótum ef með þarf
- Góð líðan á vinnustað er ábyrgð allra



.....oft var ÞÖRF en

nú er NAUÐSYN 😊